

Mánudaginn 26. apríl 1993.

Nr. 141/1993. **Ákærvaldið**

gegn

K.

Kærumál. Frávísunarúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1993, sem barst réttinum 5. apríl sl. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 24. mars sl. Ákærvaldið krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að ríkissaksóknari líti ekki svo á, að ósk sín til dómsmálaráðuneytis um niðurfellingu saksóknar sé enn til meðferðar í ráðuneytinu. Niðurstaða héraðsdómara um frávísun málsins er byggð á vanreifun á þessu atriði, en héraðsdómara var rétt að leita eftir skýrri yfirlýsingu ákærvaldsins hér um, áður en hann vísaði málinu frá dómi. Ber þegar af þessari ástæðu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 19/1991 reynir á sönnunargildi krufningarskýrslu við efnisúrlausn málsins.

Ákvörðun um málskostnað biður endanlegs dóms í málinu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. mars 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 24. mars, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni

héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. S-18/1992: Ákærvaldið gegn K, er tekið var til úrskurðar um formhlið að loknum munnlegum málflutningi 22. mars 1993.

I.

Fyrir héraðsdómi Reykjaness er til meðferðar mál ákærvaldsins gegn K. Ákæra var gefin út 1. júlí 1992 og málinu úthlutað til núverandi dómara 1. september 1992, og fékk hann það í hendur fáum dögum síðar. Málið var þingfest á dómþingi 2. október 1992, þar sem ákærða var sjálf mætt og henni birt ákæfan og skipaður verjandi, Vilhjálmur Þórhallsson hrl. Málinu var frestað til aðalflutnings, sem fram skyldi fara dagana 11.-14. nóvember sama ár. Að ósk verjanda, sem síðar verður lýst, og með samþykki sækjanda var hinu boðaða þinghaldi frestað til 26.-27. nóvember og þá enn af sömu ástæðum ótiltekið. Þinghald til aðalflutnings var síðan ákveðið 8. mars 1993. Á dómþingi þann dag bar verjandi fram kröfu þá um úrskurð um formhlið málsins, sem nú er til úrlausnar, og var málinu frestað til 22. mars 1993 til munnlegs málflutnings og úrskurðar um formhlið.

II.

Í þessum þætti málsins eru gerðar svofelldar dómkröfur af hálfu ákærðu: „Þess er krafist, að málinu verði vísað frá dómi. Verði málinu ekki vísað frá í heild sinni, er þess krafist, að krufningarskýrslur Jóhanns Heiðars Jóhannssonar læknis, dags. 7. 1. og 10. 2. 1992, komist ekki að sem sönnunargögn í málinu. Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði til handa ákærðu.“

Af hálfu ákærvalds er mótmælt frávisunarkröfu verjanda og þess krafist, að henni verði hrundið með úrskurði dómara.

VI.

Álit dómsins.

Hafna verður þeirri röksemd verjanda, sé hún skilin rýmsta skilningi, að það samrýmist ekki réttum málalíbúnaði, að ríkissaksóknari leggi til niðurfellingu saksóknar samtímis ákæru. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 19/1991 er hægt að afturkalla ákæru á hvaða stigi máls sem er, allt þar til dómur gengur. Nefnt ákvæði tekur af öll tvímæli um það.

Þannig getur sækjandi til að mynda fallið frá ákæru að hluta eða með öllu, ef hann telur ný gögn valda því, að það, sem fram er komið í málinu, sé ekki lengur nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. laga nr. 19/1991.

Sé hann í vafa um heimild sína til að falla frá saksókn, en telji þó ástæðu til þess, þá hlýtur hann, á hvaða stigi máls sem er, allt þar til dómur gengur, í æðra dómi, ef því er að skipta, að geta neytt úrræðis þess, sem greinir í 3. tölulið 113. gr. laga nr. 19/1991, og óskað eftir, að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár, hafið síðan dómsmálið, ef forseti ákveður niðurfall saksóknar. Sóknaraðili í opinberu máli hefur ríkt forræði á sakar-efni.

Að hinu leytinu má fallast á það með verjanda, að meðan sækjandi lýsir yfir, að hann haldi fast við ósk sína um niðurfellingu saksóknar, og viðurkennir, að hún hafi ekki fengið endanlega, efnislega úrlausn, vanti til framlagningar í málinu mikilvægt gagn, ákvörðun um það, hvort saksókn verði felld niður. Málið sé vanreifað, að því er skjallega gagnaöflun varðar. Að svo komnu og meðan dómkröfur sóknaraðila séu bundnar þeim fyrirvara, að synjað verði um niðurfellingu saksóknar, sé ekki unnt að kveða upp efnisdóm í málinu. Skilyrt kröfugerð á sóknarhlið sé ódómhæf.

Þá eigi ákærða rétt á, að ósk ríkissaksóknara um niðurfellingu saksóknar fái rétta og lögmælt meðferð ráðherra, en afdrif þeirrar tillögu varði hana mjög miklu. Togstreita æðstu handhafa framkvæmdarvalds um formsatriði megi ekki ráða örlögum hennar.

Í 3. tölulið 201. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er kveðið svo á, að fyrirmæli 113. greinar þeirra taki til mála, þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku þeirra, sem var skv. 193. gr. laganna 1. júlí 1992. Þess er að geta, að ákvæði 1. mgr. 24. gr. eldri laga nr. 74/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 107/1976, voru efnislega á sama veg og núgildandi ákvæði 3. tl. 113. gr. laga nr. 19/1991 að því leyti, sem hér skiptir máli.

Í 3. tölulið 113. gr. hinna nýju oml. er að finna svohljóðandi ákvæði: „Ef ríkissaksóknari telur ástæðu til að falla frá saksókn, en telur vafa leika á heimild sinni til þess, getur hann óskað eftir, að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár.“

Í upphafsákvæði 29. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er mælt svo fyrir: „Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til.“

Ofangreint ákvæði 3. tl. 113. gr. laga nr. 19/1991, sem hvílir á grunni 29. gr. stjórnarskrár, er undantekning frá þeirri aðalreglu, sem lögfest er í upphafsákvæði 111. gr. laga nr. 19/1991, að „sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru“.

Eigi þarf að fjölyrða um þá grunnreglu um meðferð dómsvalds, sem orðuð er svo í upphafsákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar: „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum.“

Því liggur ljóst fyrir:

1. Ríkissaksóknara er skylt að ákæra fyrir sérhvern refsiverðan verknað, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.
2. Dómari getur ekki sýknað af ákæru fyrir refsiverðan verknað, ef ákæruvaldinu hefur tekist að sanna hann.
3. Aðeins forseti lýðveldisins hefur það vald að ákveða, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla. En þar sem hann samkvæmt 11. og 14. gr. stjórnarskrár er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, er það dómsmálaráðherra, sem fer með þetta sérstaka vald, sem er utan valdmarka bæði ríkissaksóknara og dómstóla, að firra sakhæfan brotamann refsíðomi, þótt sök hans sé fullsönnuð.

Löggjöfin reisir við því skorður, að dómsmálaráðherra geti misbeitt þessu valdi, fyrst og fremst þannig, að ráðherra þarf beinan atbeina ríkissaksóknara, ósk ríkissaksóknara verður að koma til, einnig þannig, að ráðherrann þarf að formi til staðfestingu forseta.

Sú staðreynd, að dómsmálaráðherra er þannig einum falið þetta tiltekna, sérstaka og sértæka vald, styður eindregið þá málsástæðu verjanda, að sakamál þetta, þar sem fyrir liggur ósk ríkissaksóknara til ráðherra um niðurfellingu saksóknar, sé ekki dómhæft, fyrr en efnisleg úrlausn ráðherra liggur fyrir. Það álitæfni, hvort ríkissaksóknari getur yfirleitt dregið slíka ósk til baka, þar sem um ívilnandi ákvörðun handhafa framkvæmdarvalds er að tefla, er ekki til úrlausnar hér.

Af hálfu ríkissaksóknara er því lýst yfir og stutt gögnum, að ósk hans um niðurfellingu saksóknar hafi aldrei verið dregin til baka, þvert á móti ítrekuð. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi efnisleg úrlausn um hana ekki fengist.

Sækjandi sýnist þannig líta svo á, að ósk sín um, að ráðherra geri tillögu um niðurfellingu saksóknar, liggja ennþá fyrir hjá ráðherra til efnislegrar umfjöllunar. Eftir því getur ráðherra, hvenær sem er, án frekari atbeina ríkissaksóknara, annaðhvort hafnað ósk hans eða orðið við henni, allt þar til dómur gengur, í æðra dómi, ef því er að skipta.

Samkvæmt þessu verður að telja, að kröfur ákæruvalds á hendur ákærðu í máli þessu séu nú hafðar uppi með þeim fyrirvara, að þær verði dregnar til baka, ef dómsmálaráðherra geri samkvæmt ósk ríkissaksóknara tillögu til forseta um niðurfall saksóknar, sem forseti staðfesti. Á grundvelli svo skilyrtrar kröfugerðar sækjanda er mál þetta ekki dómhæft.

Samkvæmt framansögðu er mál þetta stórlega vanreifað af hálfu sóknaraðila, að því er gagnaöflun varðar, og dómkröfur hans skilyrtar og því ódómhæfar. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Að svo komnu eru eigi efni til að fjalla um þá dómkröfu verjanda, að krufningarskýrslur komist ekki að sem sönnunargögn í málinu.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda þykja hæfilega ákveðin 85.000 kr. og

eiga að greiðast úr ríkissjóði. Við ákvörðun fjárhæðarinnar er haft í huga, að úrskurður þessi er endanleg úrlausn máls þessa á héraðsdómsstigi, svo og, að verjandi hefur oftlega þurft að búa sig undir aðalflutning málsins, en þinghöldum verið frestað vegna dráttar á framlagningu sækjanda á úrlausn um margnefnda ósk hans um niðurfellingu saksóknar.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., 85.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.
